

## **Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu.**

Fyrirspyrjandi: Fréttablaðið,  
31.mars 2009.



2	Efnisyfirlit
3–4	Framkvæmd
5–6	Fyrirtæki í eigu þingmanna
7–8	Krosseignatengsl þingmanna
9–13	Staðan í dag: Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu
14	Fjöldi fyrirtækja og rekstrarform
15– 16	Tegundir reksturs
17–18	Yfirlit þingmenn

Í hjálagðri skýrslu, sem unnin er að beiðni Fréttablaðsins, er að finna tölfræði um þátttöku þingmanna í atvinnurlífinu á grundvelli eignarhalds og/eða tiltekinnar stöðu innan félaga (s.s. stjórnarsetu, framkvæmdastjórn, prókuru o.s.frv.).

Upplýsingar um eignarhald þingmanna byggir í flestum tilvikum á upplýsingum úr ársreikningum og miðast við eignastöðu 31. desember 2007, þ.e. nokkrum mánuðum fyrir hrun bankakerfisins. Í fæstum tilvikum liggja fyrir upplýsingar um eignarhald þingmanna þann 31. desember sl., þar sem ársreikningum er alla jafna ekki skilað fyrr en síðari hluta árs. Af þeim sökum er ekki mögulegt að bera saman breytingar sem hafa orðið á eignarhaldi fyrir og eftir bankahrunið.

Upplýsingar um tiltekna stöðu þingmanns innan félags (hér eftir hlutafélagabátttaka) byggir á upplýsingum úr hlutafélagaskrá. Borin er saman hlutafélagabátttaka þingmanna í janúar 2008 og apríl 2009, þannig að sjá megi breytingar sem hafa orðið fyrir og eftir bankahrunið. Upplýsingar í hlutafélagaskrá eru uppfærðar daglega og gefa því ætíð rétta mynd af stjórnun félags þegar slíkt er kannað.

Upplýsingar um eignarhald þingmanna er á engan hátt tæmandi og skýrist það af tvennu. Annars vegar hafa ekki öll skilaskyld félög skilað ársreikningum til Ársreikningaskrár og hins vegar upplýsa félög ekki í öllum tilvikum um eignarhald í ársreikningum sínum.

Í skýrslunni er skoðuð félög sem þingmenn tengjast með beinum hætti, þ.e. eru eigendur að eða gegna tiltekinni stöðu hjá. Þegar félag sem þingmaður tengist á í öðru félagi þá er talað um óbein eignatengsl eða krosstengsl. Könnun á óbeinu eignatengslum/krosstengslum tekur þó einungis til fyrsta stigs slíkra tengsla - skal það skýrt með dæmi:

Fyrirtæki A er í eigu þingmanns => fyrirtækið A er eigandi 25% hlutar í félaginu B  
=> fyrirtækið B er eigandi 10% hlutar í félaginu C.

Fyrsta þrep óbeinna tengsla er fyrirtækið A, en annað stig óbeinna tengsla er fyrirtækið C. Í skýrslunni væri fyrirtækinu C sleppt.

Þess skal getið að einn og sami þingmaður getur tengst fleiri en einu félagi og haft meira en eina tengingu við hvert félag, þannig getur þingmaður t.d. verið eigandi, stjórnarmaður og prókúruhafi hjá sama félaginu.

Miðlun upplýsinga um eignarhald einstaklinga í félögum sætir miklum takmörkunum og hefur Persónuvernd synjað Creditinfo að miðla slíkum upplýsingum, þrátt fyrir að þær byggi á opinberum gögnum sem ætlað er að tryggja ákveðið gagnsæi. Rýmri reglur gilda þó um hlutafélagabátttöku og vinnslu slíkra upplýsinga, en Creditinfo hefur þó ekki miðlað slíkum upplýsingum nema lögvarðir hagsmunir liggja að baki slíkri miðlun.



Þingmenn á Alþingi eru 63 talsins og byggir úttækt á órekjanlegri skoðun þessara einstaklinga miðað við nafnabirtingu þá er birt er á vef Alþingis.

Af þessum 63 þingmönnum hafa 21 þeirra stofnað 31 félag en þar sem stofnandi þarf á engan hátt að tengjast rekstri félags í dag er í þessari skýrslu ekki farið nánar út í þá skoðun. Þá er einnig hægt að skoða fjölda þingmanna sem teljast til varaskoðunarmanna félaga í hlutafélagabátttöku en er það ekki gert hér.

Heimildir í skýrslu byggja allar á opinberum gögnum: Vefur Alþingis, Ársreikningaskrá RSK, Hlutafélagaskrá.

Reykjavík 7.apríl 2009.  
Creditinfo á Íslandi.

Anna Hulda Sigurðardóttir, greiningarsérfræðingur  
Guðni Tómasson, hugbúnaðarsérfræðingur  
Guðni P. Sigurgeirsson, greiningarsérfræðingur  
Jóhannes Stephensen, greiningarsérfræðingur,  
Ómar Berg Torfason, greiningarsérfræðingur  
Magnús Heimison, stjórn málafræðingur  
Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri

## Fyrirtæki í eigu þingmanna

Í ársreikningum sem skilað var inn síðastliðið haust, fyrir rekstrarárið 2007, voru þingmenn á Alþingi skráðir eigendur í 17 fyrirtækjum. Eignarhlutur þingmanna er frá 5% í 100%.

Einn þingmaður á í þremur fyrirtækjum. Fjöldi þingmanna sem áttu í fyrirtækjum þann 31. desember 2007 eru því 15 einstaklingar eða sem nemur tæplega fjórðungi sitjandi þingmanna á Alþingi.


Ekki er hægt að skoða eignarhlut þingmanna fyrir rekstrarárið 2008 þar sem skilafrestur þeirra ársreikninga er ekki liðinn. Þá eiga ríflega 20% fyrirtækja enn eftir að skila inn ársreikningum fyrir árið 2007 og því þarf eignarlisti þingmanna hér ekki að vera tæmandi.

Fjöldi hluta í fyrirtækjum í eigu þingmanna - sundurliðun eftir stærð eignarhluta, ársreikningar dagsettir 31. desember 2007.

Eign	Fjöldi félaga
5%	1
13%	1
16%	2
18%	1
20%	1
25%	1
32%	1
33%	1
50%	6
100%	2
<b>Samtals</b>	<b>17</b>

Af þeim 17 fyrirtækjum sem eru í eigu þingmanna að öllu leyti eða að hluta, eru flest í eigu þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem samtals eiga í 10 félögum.

Fjöldi fyrirtækja í eigu þingmanna, sundurliðað eftir flokkum. Dagsetning 31. desember 2007.



## Fyrirtæki í eigu þingmanna


Niðurstöður sýna það helst að flestir þingmanna með eignartengsl í fyrirtækjum eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins, en 10 af 26 þingmönnum þeirra áttu eignarhlut í fyrirtækjum þann 31. desember 2007. Af 17 þingmönnum Samfylkingarinnar áttu þrír eignarhald í fyrirtækjum, einn af níu þingmönnum Vinstri Hreyfingarinnar græns framboðs en enginn af þingmönnum Framsóknarflokks

Aðrir stjórn mála flokkar eru ekki sundurliðaðir vegna fámennis þingmanna á Alþingi en til þeirra sem hér eru skilgreindir sem „Aðrir þingmenn,“ áttu þrír af fimm þingmönnum


Fjöldi þingmanna í hverjum flokki sem á eignarhlut í fyrirtæki (eignarhald) í samanburði við fjölda þingmanna sem ekki á eignarhlut í fyrirtæki. Sundurliðað eftir flokkum.



**Sjálfstæðisflokkurinn**




**Samfylkingin**




**VINSTRI GRÆN**


**Vinstri Grænir**



**Framsóknarflokkur**



**Aðrir þingmenn**





## Krosseignatengsl þingmanna


Ef krosseignatengsl eru skoðuð má sjá að 17 fyrirtæki í eigu þingmanna tengjast 12 élögum á grundvelli eignarhalds. Þar með eru þingmenn með bein eða óbein eignatengsl við a.m.k. 29 fyrirtæki.

Hægt er að skoða krosseignatengsl þingmanna enn frekar, t.d. með því að skoða hvort dótturfyrirtæki fyrirtækja í þeirra eigu, eiga hlut í fleiri fyrirtækjum og síðan koll af kalli. Þá væri hægt að skoða eignatengsl fyrirtækja skráðum í eigu maka þingmanna, dótturfélög o.s.frv. Það er þó ekki gert hér og upplýsingar um krosseignatengsl þingmanna því ekki tæmandi.


Myndirnar sýna fjölda þingmanna, félög í þeirra eigu (blátt) og eign þeirra félaga í öðrum félögum (grátt), 3.apríl 2009. Sundurliðað eftir flokkum.



Myndirnar sýna fjölda þingmanna, félög í þeirra eigu (blátt) og eign þeirra félaga í öðrum félögum (grátt), 3.apríl 2009. Sundurliðað eftir flokkum.



### Aðrir flokkar





## Staðan í dag: Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu

Nær helmingur þingmanna á Alþingi er skráður í hlutafélagaskrá sem stjórnarmaður, prókúruhafi, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, meðstjórnandi eða varamaður í stjórn. Af 63 þingmönnum eru 30 þingmenn tengdir fyrirtækjum með fyrrgreindum hætti. Fyrir rúmu ári síðan voru 34 þingmenn tengdir fyrirtækjum með hluthafabátttöku sinni. Þeim hefur því fækkað um 4 þingmenn frá 1.janúar 2008.

Hver þingmaður getur verið skráður í fleira en eitt hlutverk í Hlutafélagaskrá. Sem dæmi má nefna að þingmaður getur bæði setið í stjórn fyrirtækis og verið með prókúru. Einnig getur þingmaður verið skráður með þátttöku í fleiri en einu fyrirtæki.

Fyrir utan eignarhald í fyrirtækjum eru þingmenn tengdir 55 fyrirtækjum skráðum í Hlutafélagaskrá. Þar af eru 4 opinber hlutafélög og 2 sjálfseignarstofnanir. Fjöldi fyrirtækja sem þingmenn tengjast eru nokkuð færri nú en fyrir ríflega ári síðan, en þá tengdust þingmenn 70 fyrirtækjum.

Þingmenn allra stjórnmalaflokka eru skráðir með tengsl við félög.

Fjöldi þingmanna sem tengjast félögum með hlutafélagabátttöku (sitja í stjórn félaga, eru prókúruhafar, skráðir framkvæmdastjórnar, meðstjórnendur, varamenn í stjórn eða endurskoðendur. Dagsetning 3.apríl 2009.




Flestir þingmenn tengjast fyrirtækjum með því að sitja þar í stjórn. Í dag sitja 20 þingmenn í stjórnnum 50 fyrirtækja en í janúar 2008 sátu 26 þingmenn í stjórnnum 69 fyrirtækja.

Tegundir tengsla	1.jan.08		3.apr.09	
	Fjöldi þingmanna	Fjöldi félaga	Fjöldi þingmanna	Fjöldi félaga
Framkvæmdastjórnar	7	7	4	4
Prókúruhafar	16	19	11	12
Stjórnarmenn	26	69	20	50
Endurskoðendur	4	4	4	4

## Staðan í dag: Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu

Niðurstöður sýna að 17 af 26 þingmönnum Sjálfstæðisflokks eru skráðir í stjórn félaga, með prókúru, skráðir framkvæmdastjórar, endurskoðendur eða varamenn. Af 17 mönnum Samfylkingarinnar eru 7 þeirra tengdir fyrirtækjum, þrjú þingmenn Vinstri Hreyfingarinnar græns framboðs, fjórir þingmenn Framsóknarflokksins og þrjú þingmenn Frjálslynda flokksins.

Fjöldi þingmanna sem tengjast félögum með hlutafélagabátttöku (sitja í stjórn félaga, eru prókúruhafar, skráðir framkvæmdastjórar, varamenn í stjórn eða endurskoðendur). Sundurliðun eftir flokkum. Dagsetning 3.apríl 2009.



Hver þingmaður getur verið skráður með ýmiss tengsl innan sama fyrirtækisins, t.d. Verið stjórnarmaður og einnig haft prókúru fyrir félagið. Hlutverk þingmanna eru því 70 talsins í 55 fyrirtækjum. Í janúar 2008 voru þingmenn skráðir í 99 mismunandi hlutverkum hjá 70 fyrirtækjum.

Tegund tengsla	Sjálfstfl.	Samf.	Vinstri-gr.	Aðrir
Endurskoðandi	2	1	1	
Formaður stjórnar	1	1		1
Framkvæmdastjóri	2	1		1
Meðstjórnandi	14	3	1	6
Prókúruhafi	8	2		2
Stjórnarmaður	4	1		
Varamaður	9	3	3	3
Samtals	40	12	5	13


## Staðan í dag: Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu

Hægt er að skoða hvernig tengsl eru hjá hverjum og einum þingmanni. Tengslin sýna þá hvaða hlutverki þingmaður gegnir fyrir tiltekið félag en ekki endilega fjölda fyrirtækja sem hver þingmaður tengist.

### Almenn útskýring á hlutskiptingu stjórnar, heimild Fyrirtækjaskrá.

Í hlutafélögum skal ráða einn til þrjú framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um það í samþykktum að þeir skuli vera fleiri, sbr. 65. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Stjórn einkahlutafélags getur ráðið einn eða fleiri framkvæmdastjóra, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Framkvæmdastjóri getur aldrei verið stjórnarformaður í hlutafélagi eða einkahlutafélagi, sbr. 70. gr. hlutafélagalaga og 1. mgr. 46. gr. einkahlutafélagalaga. Meirihluti stjórnar hlutafélaga og einkahlutafélaga skulu ávallt mynda menn sem ekki eru framkvæmdastjórar í félaginu, sbr. 2. mgr. 65. gr. hlutafélagalaga og 2. mgr. 41. gr. einkahlutafélagalaga. Í eins manns stjórn einkahlutafélags getur stjórnarmaður þó verið framkvæmdastjóri. Í tveggja manna stjórn má meðstjórnandi vera framkvæmdastjóri, sbr. 3. mgr. 41. gr. einkahlutafélagalaga. Einungis félagsstjórn getur veitt prókúrumboð sbr. 4. mgr. 68. gr. hlutafélagalaga og 4. mgr. 44. gr. einkahlutafélagalaga.

Tengsl þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sundurliðuð miðað við mismunandi hlutafélagapátttöku. Dagsetning 3.apríl 2009.



## Lög um prókúru, nr.4213.

### Þriðji kafli. Prókúra.

**25. gr.** Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefir gefið einhverjum umboð, sem með berum orðum er kallað prókúra, eða hefir á annan hátt lýst því yfir, þá hefir umboðsmaðurinn vald til fyrir umbjóðanda að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó má prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.

**26. gr.** Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig, að þeir aðeins geti notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

**27. gr.** Umboð prókúruhafa samkvæmt 25. gr. má ekki binda við ákveðinn tíma eða takmarka á annan hátt, ef það skal gilt vera gagnvart öðrum mönnum, þeim er eigi eru vitandi um það.

**28. gr.** Þegar prókúruhafi ritar firmað, skal hann bæta við það orðum eða stöfum, sem merkja umboð hans, svo sem per prókúra, p.p. eða annarri skammstöfun þessara orða og auk þess rita nafn sitt. Nú er um sameiginlega prókúru að ræða, og skal þess þá gætt, er ákveðið var um tölu undirskriftanna, þegar prókúran var gefin.



**29. gr.** Prókúruhafi getur eigi afhent öðrum prókúru sína.

**30. gr.** Prókúru má taka aftur hvenær sem vill. Prókúra fellur eigi úr gildi við dauða umbjóðanda.

**31. gr.** Umbjóðandi getur tilkynnt prókúru til upptöku á verslanaskrá þá, sem firmað er ritað í eða ætti að ritast í, ef firmahafi tilkynnti firmað, en eigi má þá takmarka hana eða binda skilyrðum frekar en heimilað er í 25. og 26. gr.


Um leið og prókúra er tilkynnt, skal prókúruhafi rita firmað og nafn sitt í verslanaskrána eða viðauka hennar, sé það eigi gert í tilkynningunni.

**32. gr.** Sé tilkynnti prókúru breytt eða hún tekin aftur, skal það tilkynnt og tekið upp í verslanaskrána.



# Staðan í dag: Þátttaka þingmanna í atvinnulífinu

- Meðstjórnandi
- Prókúruhafi
- Varamaður
- Stjórnarmaður
- Endurskoðandi
- Formaður stjórnar
- Framkvæmdarstjóri



## Fjöldi fyrirtækja og rekstrarform



Af þeim 55 félögum sem þingmenn tengjast eiga 15% þeirra enn eftir að skila inn ársreikningi fyrir árið 2007, en skilafrestur þeirra ársreikninga rann út 31.ágúst 2008.

Samtals tengjast þingmenn 55 félögum. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins tengjast flestum þessara fyrirtækja, eða 28 talsins. Af þeim 28 fyrirtækjum sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins tengjast eru þrjú þeirra opinber hlutafélög og eitt þeirra sjálfseignarstofnun.

Þingmenn Samfylkingar eru með skráð tengsl við 9 félög, þar af er eitt opinbert hlutafélag. Þingmenn Vinstri Hreyfingarinnar græns framboðs eru tengdir 4 félögum, þar af er eitt sjálfseignarfélag.

Þingmenn Framsóknarflokksins eru með skráð tengsl í 5 félög en aðrir þingmenn/flokkar með tengsl við 6 félög.

Fjöldi og rekstrarform fyrirtækja sem þingmenn tengjast. Dagsetning 3.apríl 2009.




## Tegund reksturs

Hægt er að skoða starfsemi þessara félaga nánar með því að sundurliða fyrirtækin miðað við ÍSAT flokkun á atvinnustarfssemi.

Flest fyrirtæki sem þingmenn tengjast eru í ÍSAT og „Fjármálaþjónusta önnur en váttryggingastarfssemi.“

-flokkunum „Fasteignaviðskipti“

Sundurliðun á starfssemi fyrirtækja sem þingmenn eru þátttakendur í, sundurliðað eftir ÍSAT. Dagsetning 3.apríl 2009.



ÍSAT 2008, útdráttur úr stöðluðu flokkunarkerfi. Tveir algengustu ÍSAT flokkar í niðurstöðum.

### BÁLKUR K - FJÁRMÁLA- OG VÁTTRYGGINGASTARFSEMI

64	Fjármálaþjónusta, þó ekki starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrisjóða
64.1	Fjármálaþjónusta
64.11	64.11.0 Starfsemi seðlabanka
64.19	64.19.0 Önnur fjármálaþjónusta
64.2	64.20.0 Starfsemi eignarhaldsfélaga
64.30	64.30.0 Fjárvörslustjóðir, sjóðir og önnur sérhæfð fjárvörslufélög
64.9	Önnur fjármálaþjónusta, þó ekki váttryggingafélög og lífeyrisjóðir
64.91	64.91.0 Fjármögnunarleiga
64.92	64.92.0 Önnur lánaþjónusta
64.99	64.99.0 Önnur ótalin fjármálaþjónusta, þó ekki váttryggingafélög og lífeyrisjóðir

### BÁLKUR L - FASTEIGNAVIÐSKIPTI



68	Fasteignaviðskipti
68.1	68.10.0 Kaup og sala eigin fasteignum
68.2	Fasteignaleiga
68.20	Fasteignaleiga
68.20.1	Leiga íbúðarhúsnæðis
68.20.2	Leiga atvinnuhúsnæðis
68.20.3	Leiga á landi og landdréttindum
68.3	Fasteignaviðskipti eða þátttökur eða samkvæmt samningi
68.32	68.32.0 Fasteignarekstur gegn þóknun eða samkvæmt samningi

## Tegundir reksturs

Af þeim 28 fyrirtækjum sem þingmenn Sjálfstæðisflokks tengjast eru sjö þeirra í ÍSAT flokknum „Fasteignaviðskipti“ og sex í flokknum „Fjármálaþjónusta önnur en váttryggingastarfsemi.“ Önnur fyrirtæki eru í ýmissi starfsemi. Af þeim níu fyrirtækjum sem þingmenn Samfylkingarinnar tengjast eru tvö þeirra á sviði Lögfræðiþjónustu og reikningshalds en tvö þeirra í útgáfustarfsemi. Önnur eru í ýmissi starfsemi.

Fyrirtæki tengd þingmönnum Vinstri Hreyfingarinnar græns framboðs og Framsóknarflokksins eru í mismunandi atvinnustarfsemi en fjögur fyrirtæki annarra þingmanna („Aðrir þingmenn/flokkar“) eru í ÍSAT flokknum Fiskveiði og fiskeldi.

**Sundurliðun á starfssemi fyrirtækja sem þingmenn eru þátttakendur í, sundurliðað eftir ÍSAT. Myndir af tveimur stærstu flokkum.**





# Yfirlit - þingmenn

Sundurliðun flokka í úttækt samkvæmt eftirfarandi:


- Þingmenn Sjálfstæðisflokks, samtals 26 talsins.
- Þingmenn Samfylkingar, samtals 17 talsins.
- Þingmenn Vinstri Hreyfingarinnar Græns framboðs, samtals 9 talsins.

Aðrir flokkar:

- Þingmenn Framsóknarflokks, samtals 7 talsins.
- Þingmenn Frjálslynda flokksins, 3 talsins.
- Utanflokks þingmaður, 1 einstaklingur.

Samtals aðrir flokkar, 11 talsins.

Fjöldi og sundurliðun þingmanna 3.apríl 2009, heimild [www.althingi.is](http://www.althingi.is).



## Yfirlit - þingmenn

Nafn	nr.	Kjördæmi	Flokkur
Arnbjörg Sveinsdóttir (ArnbS)	5. þm.	Norðaust.	Sjálfstfl.
Atli Gíslason (AtlG)	7. þm.	Suðurk.	Vinstri-gr.
Ágúst Ólafur Ágústsson (ÁÓÁ)	4. þm.	Reykv. s.	Samf.
Álfheiður Ingadóttir (ÁI)	11. þm.	Reykv. s.	Vinstri-gr.
Ármann Kr. Ólafsson (ÁKÓ)	4. þm.	Suðvest.	Sjálfstfl.
Árni Páll Árnason (ÁPÁ)	11. þm.	Suðvest.	Samf.
Árni Johnsen (ÁJ)	6. þm.	Suðurk.	Sjálfstfl.
Árni M. Mathiesen (ÁMM)	1. þm.	Suðurk.	Sjálfstfl.
Árni Þór Sigurðsson (ÁÞS)	9. þm.	Reykv. n.	Vinstri-gr.
Ásta R. Jóhannesdóttir (ÁRJ)	8. þm.	Reykv. s.	Samf.
Ásta Möller (ÁMöl)	7. þm.	Reykv. s.	Sjálfstfl.
Birgir Ármannsson (BÁ)	9. þm.	Reykv. s.	Sjálfstfl.
Birkir J. Jónsson (BJJ)	6. þm.	Norðaust.	Framsfl.
Bjarni Benediktsson (BjarnB)	3. þm.	Suðvest.	Sjálfstfl.
Björgvin G. Sigurðsson (BjörgvS)	2. þm.	Suðurk.	Samf.
Björk Guðjónsdóttir (BjörkG)	9. þm.	Suðurk.	Sjálfstfl.
Björn Bjarnason (BBj)	6. þm.	Reykv. s.	Sjálfstfl.
Einar K. Guðfinnsson (EKG)	5. þm.	Norðvest.	Sjálfstfl.
Einar Már Sigurðarson (EMS)	7. þm.	Norðaust.	Samf.
Ellert B. Schram (EBS)	11. þm.	Reykv. n.	Samf.
Eygló Harðardóttir (EyH)	8. þm.	Suðurk.	Framsfl.
Geir H. Haarde (GHH)	1. þm.	Reykv. s.	Sjálfstfl.
Grétar Mar Jónsson (GMJ)	10. þm.	Suðurk.	Frjásl.
Guðbjartur Hannesson (Guðbh)	2. þm.	Norðvest.	Samf.
Guðfinna S. Bjarnadóttir (GSB)	3. þm.	Reykv. n.	Sjálfstfl.
Guðjón A. Kristjánsson (GAK)	6. þm.	Norðvest.	Frjásl.
Guðlaugur Þór Þórðarson (GÞÞ)	1. þm.	Reykv. n.	Sjálfstfl.
Gunnar Svavarsson (GSV)	2. þm.	Suðvest.	Samf.
Helga Sigrún Harðardóttir (HSH)	3. þm.	Suðurk.	Framsfl.
Helgi Hjörvar (HHj)	7. þm.	Reykv. n.	Samf.
Herdís Þórðardóttir (Herðb)	8. þm.	Norðvest.	Sjálfstfl.
Höskuldur Þórhallsson (Höskp)	10. þm.	Norðaust.	Framsfl.
Illugi Gunnarsson (IllG)	3. þm.	Reykv. s.	Sjálfstfl.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (ISG)	2. þm.	Reykv. s.	Samf.
Jóhanna Sigurðardóttir (JóhS)	5. þm.	Reykv. n.	Samf.
Jón Bjarnason (JBjarn)	4. þm.	Norðvest.	Vinstri-gr.
Jón Gunnarsson (JónG)	7. þm.	Suðvest.	Sjálfstfl.
Jón Magnússon (JM)	10. þm.	Reykv. s.	Sjálfstfl.
Karl V. Matthíasson (KVM)	7. þm.	Norðvest.	Frjásl.
Katrín Jakobsdóttir (KJak)	4. þm.	Reykv. n.	Vinstri-gr.
Katrín Júlíusdóttir (Kajúl)	5. þm.	Suðvest.	Samf.
Kjartan Ólafsson (KÓ)	4. þm.	Suðurk.	Sjálfstfl.
Kolbrún Halldórsdóttir (KolH)	5. þm.	Reykv. s.	Vinstri-gr.
Kristinn H. Gunnarsson (KHG)	9. þm.	Norðvest.	Utan þfl.
Kristján Þór Júlíusson (KÞJ)	1. þm.	Norðaust.	Sjálfstfl.
Kristján L. Möller (KLM)	3. þm.	Norðaust.	Samf.
Lúðvík Bergvinsson (LB)	5. þm.	Suðurk.	Samf.
Magnús Stefánsson (MS)	3. þm.	Norðvest.	Framsfl.
Ólöf Nordal (ÓN)	9. þm.	Norðaust.	Sjálfstfl.
Pétur H. Blöndal (PHB)	6. þm.	Reykv. n.	Sjálfstfl.
Ragnheiður E. Árnadóttir (REÁ)	9. þm.	Suðvest.	Sjálfstfl.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (RR)	12. þm.	Suðvest.	Sjálfstfl.
Sigurður Kári Kristjánsson (SKK)	8. þm.	Reykv. n.	Sjálfstfl.
Siv Friðleifsdóttir (SF)	10. þm.	Suðvest.	Framsfl.
Steingrímur J. Sigfússon (SJS)	4. þm.	Norðaust.	Vinstri-gr.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (SVÓ)	10. þm.	Reykv. n.	Samf.
Sturla Böðvarsson (StB)	1. þm.	Norðvest.	Sjálfstfl.
Valgerður Sverrisdóttir (VS)	2. þm.	Norðaust.	Framsfl.
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (ÞKG)	1. þm.	Suðvest.	Sjálfstfl.
Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSveinb)	8. þm.	Suðvest.	Samf.
Þuríður Backman (ÞBack)	8. þm.	Norðaust.	Vinstri-gr.
Ögmundur Jónasson (ÖJ)	6. þm.	Suðvest.	Vinstri-gr.
Össur Skarphéðinsson (ÖS)	2. þm.	Reykv. n.	Samf.